

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Velferðanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

1.12.2023

## Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka (ÖBÍ) um tillögu til þingsályktunar um þjóðarmarkmið um fastan heimilislækni og heimilisteymi. 19. mál.

ÖBÍ – réttindasamtök taka heilshugar undir mikilvægi þess að allir Íslendingar fái heimilislækni og heimilisteymi á heilsugæslu. Brýnt er að heildarendurskoðun fari fram á þjónustu heilsugæslustöðva, sérstaklega í ljósi þess að fjárlög fyrir bæði árin 2023 og 2024 gera ráð fyrir að færa mikið af heilbrigðisþjónustu undir heilsugæsluna.

ÖBÍ fagnar því jafnframt að stefnt sé að því að föst tenging verði við heilbrigðiskerfið um land allt og að starfsaðstæður í heilsugæslunni verði bættar. Mikill skortur er á heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni og því brýnt að sérstaklega verði skoðað hvernig unnt er að bæta heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.

*Ekkert um okkur án okkar!*

Með vinsemd og virðingu,

  
Alma Ýr Ingólfssdóttir  
formaður ÖBÍ

  
Bára Brynjólfssdóttir  
lögfræðingur ÖBÍ